



Skrifstofa Alþingis,  
Nefndarsvið

### ***Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup, 442. mál***

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 6. febrúar sl., þar sem Reykjavíkurborg er gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn um ofangreint þingmál.

#### **Almennt**

Almennt eru þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu til bóta við framkvæmd laga um opinber innkaup þar sem ekki er aðeins aukið á samræmi milli innlendra reglna og EES-réttar heldur eru einnig skýrð betur þau ákvæði sem hafa verið óljós frá gildistöku laganna árið 2016 og skapað óvissu í framkvæmd þeirra. Einnig er jákvætt að staðfest sé heimild opinberra aðila til að gera kröfu um keðjuábyrgð í útboðum og mikilvægt að útfært er hvernig sú keðjuábyrgð sé leyst í framkvæmd.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar**

##### **7. gr. frumvarpsins – höfnun tilboðs:**

Ákvæðið felur í sér mikilvæga lögfestingu á þeirri meginreglu útboðsréttar að kaupanda sé heimilt að hafna öllum framkomnum tilboðum standi málefnalegar ástæður til þess. Áréttað er að það er kaupandinn sem verður að hafa endanlegt ákvörðunarvald um þá fjármuni sem honum er falið að nýta í opinberum innkaupum. Það er kaupanda einfaldlega nauðsynlegt að hafa möguleika á því að hafna tilboðum sem eru umfram þá áætlun eða fjárheimildir sem ákveðið hefur verið að veita í viðkomandi verkefni. Eðlilega mælir kaupandi fyrir um það í útboðsgögnum með hvaða hætti hann ætli að meðhöndla tilboð sem fara umfram kostnaðaráætlun.

##### **8. gr. frumvarpsins – keðjuábyrgð:**

Hér er lögfest sú meginregla að heimilt sé að óska staðfestingar á keðjuábyrgð verktaka. Reykjavíkurborg hefur frá 27. apríl 2016 haft eftirfarandi texti sem hluta af útboðsgögnum í verksamningum og ákveðnum þjónustusamningum:

„Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting

þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.“

Reykjavíkurborg fagnar því að fyrirhugað sé að vinna leiðbeiningar um framkvæmd og útfærslu tæknilegra skilmála við beitingu þessa ákvæðis í samstarfi við helstu hagsmunaaðila. Bent er á að það er grundvallar atriði að slík útfærsla sé unnin ítarlega og í samráði við helstu hagsmunaaðila. Því er einnig fagnað að í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til að gera kröfu um keðjuábyrgð í útboðsgögnum. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa það í huga að enginn möguleiki er að framfylgja skyldu til að kveða á um keðjuábyrgð fyrir en framangreind útfærsla liggur fyrir.

9. gr. frumvarpsins – Gerð samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu.

Í ákvæðinu er að finna nauðsynlegar lagabreytingartillögur um framkvæmd opinberra samninga um félagslega þjónustu og aðra sértæka þjónustu. Tekið er undir mikilvægi þess að lögin taki þessum breytingum enda nái með því móti frekar því upphaflega markmiði sem að var stefnt með „léttu leiðinni“.

### Lokaorð

Reykjavíkurborg hefur um áratugaskeið lagt ríka áherslu á góð vinnubrögð í opinberum innkaupum og gott samstarf við alla aðila sem að þeim koma. Í tengslum við fyrirhugaða niðurlagningu á Ríkiskaupum er talið rétt að benda á mikilvægi þess að halda vel utan um þennan málaflokk og þá þekkingu sem er til staðar á umhverfi opinberra innkaupa. Reykjavíkurborg styður að fyrirliggjandi frumvarp verði afgreitt en fer fram á að ofangreindar tillögur og ábendingar verði teknar til vandlegrar skoðunar af hálfu fjárlaganefndar. Sé þess óskað eru fulltrúar Reykjavíkurborgar tilbúnir að koma á fund nefndarinnar og ræða þær ábendingar sem fram koma í umsögninni.

Virðingarfyllt



Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar